| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 18. júní 2015 – 1. útg |
| **Námsgrein** | Líffræði |
| **Titill** | Lífeðlisfræði |
| **Skammstöfun** | LÍFF3CB05 |
| **Viðfangsefni** | Lífeðlisfræði |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 3 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Í áfanganum eru teknir fyrir þættir er varða uppbyggingu og starfsemi mannslíkamans. Fjallað er um blóðrásarkerfið, vessa- og ónæmiskerfið, innkirtlakerfið, meltingarkerfið, öndunarkerfið og þveitiskerfið. Einnig er fjallað um hvernig starfsemi líffærakerfanna tengist innbyrðis og viðheldur innri stöðugleika líkamans. Heilbrigð starfsemi líkamans er rædd, en einnig algengustu frávik. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist líffærum dýra af eigin raun með krufningum, skoðun líffæra/líkana og vefjasýna. Helstu efnisatriði áfangans eru: blóð, blóðflokkar, hringrásarkerfi, æðar, hjarta, hjartsláttur, blóðþrýstingur, eitlar, vessi, húð, varnarkerfi, ónæmi, innkirtlar, hormón, hormónastjórnun, meltingarfæri, melting, meltingarensím, lifur, gallblaðra, lungu, loftskipti öndunar, nýru. |
| **Forkröfur áfanga** | LÍFF2BA05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• almennrum og sértækum efnisatriðum og hugtökum áfangans<br>• heildaruppbyggingu mannslíkamans<br>• uppbyggingu og starfsemi þeirra líffærakerfa sem um ræðir<br>• samstarfi líffærakerfa til viðhalds innra jafnvægis líkamans<br>• heilbrigðri starfsemi mannslíkamans |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• miðla þekkingu sinni á líffærakerfum mannsins skriflega, með teikningum, skýringarmyndum og með þátttöku í umræðum og kynningum |

| | |
|---|---|
| | • kryfja spendýr meðvitaður um staðsetningu allra líffæra<br>• meðhöndla krufningaráhöld og mælitæki |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• tengja umfjöllun um sjúkdóma við ákveðin líffærakerfi og líkamsstarfsemina<br>• sjá orsakasamhengi sjúkdómsvalda og sjúkdómseinkenna<br>• sjá orsakasamhengi óheilbrigðs lífsstíls á líkamann |
| **Námsmat** | |